



Fundargerð

1285. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, fjarfundur
10. september 2020, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur P. Guðmundsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Fjárhagsrammi fjárhagsáætlunar 2021-2024 (2020060158)

Regína Fanný Guðmundsdóttir, fjármálastjóri mætti á fundinn.

Lögð fram tillaga að fjárhagsramma vegna fjárhagsáætlunar 2021.

Tillagan samþykkt 5-0.

2. Atvinnuleysistödur (2020010478)

Teknar voru fyrir bókanir, sem lagðar voru fram á bæjarstjórnarfundum 1. september 2020, vegna annars liðar úr fundargerð menningar- og atvinnuráðs 26. ágúst 2020.

Vegna þeirrar bóknar vilja fulltrúar Samfylkingar, Framsóknarflokks og Beinna Leiðar taka eftirfarandi fram:

1. Menningar og atvinnuráð er nú þegar að vinna að greiningum og horfa til möguleika í atvinnumálum í samstarfi við ráðuneyti og stofnanir á Suðurnesjum.
2. Ætlast er til að framtíðarnefnd fjalli um atvinnuuppbyggingu í Reykjaneshæ til framtíðar. Hafin er vinna að stefnumótun til framtíðar hjá Súlunni og gert er ráð fyrir að framtíðarnefnd taki þátt í þeirri vinnu.
3. Starfshópur um atvinnuþróun er þegar til staðar og í samvinnu við félagsmálaráðuneyti og Vinnumálastofnun og verða hugmyndir kynntar á næstu dögum.
4. Fyrirhugaður er fundur með öllum hagsmunaaðilum í Reykjaneshæ á næstunni en bæjarstjóri Reykjaneshæjar hefur þegar hafið undirbúning.
5. Reykjaneshæ er með skýra sýn og hver helstu forgangsatríði þurfi að vera í forgrunni til styrkingar atvinnumálum í Reykjaneshæ.

3. Aðgangseyrir á söfn (2020050303)

Tekið fyrir 4. mál úr fundargerð menningar- og atvinnuráðs frá 26. ágúst 2020 þar sem ráðið leggur til að ókeypis verði á söfn bæjarins til áramóta. Bæjarráð samþykkir tillöguna 5-0.



4. Tilnefning í samstarfshóp um samfélagsrannsóknir (2019090706)

Málinu frestað.

5. Framfaravogin (2019051066)

Lagt fram svar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi þátttöku sambandsins í Framfaravoginni.

6. Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 15. september 2020 (2020090136)

Fjarfundarboð lagt fram. Bæjarráð hvetur sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarfólk til þátttöku.

7. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. ágúst 2020 (2020021082)

Fundargerðin lögð fram.

8. Fundargerð neyðarstjórnar 3. september 2020 (2020030192)

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

9. Fundargerð Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja 4. september 2020 (2020021147)

Fundargerðin lögð fram.

10. Fundargerð verkefnastjórnar Stapaskóla 8. september 2020 (2019110200)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn. Lagt fram minnisblað um breytingar og stöðu á framkvæmdum við Stapaskóla.

Bæjarráð felur sviðsstjóra umhverfissviðs að vinna áfram í málinu.

11. Stjórnarfundur Tjarnargötu 12 ehf. (2020050496)

Pálmar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Tjarnargötu 12 ehf. og Gunnar Kr. Ottósson, skipulagsfulltrúi mættu á fundinn.

Lögð fram tilboð sem borist hafa í Njarðarbraut 20. Stjórnarfundur Tjarnargötu 12 ehf. felur framkvæmdastjóra Tjarnargötu 12 ehf. og skipulagsfulltrúa að vinna áfram í málinu í samráði við bæjarlögmann.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20.